

Stórahnjúkur á Hlíðarfjalli 912 m hár

Stórahnjúkur er við ytri mörk Hlíðarfjalls, en utar/eða nyrst er Litlihnjúkur. Ekið er að gönguskiðahúsinu rétt ofan við Skíðastaði þar sem hægt er að leggja bílum. Gengið er eftir vegslóðum upp á flatlendið og áfram haldið um Hrappstaðaskálar að hliði á girðingu; sjá kort. Þaðan er stefnt **til vinstri** upp gróna hlíð uns komið er á hjalla til hægri. Þaðan er gengið til norðurs og til vinstri upp grýttan slakk og áfram upp melhjalla þar til komið er upp á hrygginn norðan við hnjúkinn. Gengið er vestanmegin hryggjar og upp að vörðunni á Stórahnjúk. Fylgið lýsingunni og kortinu í stað þess að ganga beint af augum á hnjúkinn því annars lendið þið mögulega í miklum og grýttum bratta. Sama leið gengin til baka.

Vegalengd alls 8 km og gönguhækkun 460 m.